

Menntaskólinn á Akureyri	Kennari: Harpa Sveinsdóttir
Haustönn 2011	
PYS 603 (undanfari: PYS 503) 4. bekkur máladeild	

Áfangalýsing:

Öllum þáttum sem nemendur hafa fengið þjálfun í á fyrri stigum þýskunámsins er haldið við. Á þessu stigi hafi nemendur öðlast vakandi áhuga á nútímasamfélagi þýskumælandi þjóða, bókmenntum þeirra og menningu. Lögð er áhersla á að nemendur læri að meta texta og tengja sjálfir upplýsingar úr mismunandi textum og gera grein fyrir þeim. Munnleg færni er æfð jafnt og þétt með fjölbreyttum verkefnum í stærri og smærri hópum.

Aukin áhersla er lögð á sjálfstæði nemenda í þessum áfanga og velja þeir í samráði við kennara ýmsar blaðagreinar og aðra texta til að þjálfra lesskilning, auk þess að velja kjörbók sem þeir lesa sjálfstætt og gera svo grein fyrir munnlega. Nemendur munu einnig koma að mati á munnlegum flutningi bekkjarfélaga sinna. Einnig velja nemendur kvikmynd með því markmiði að skrifa um hana gagnrýni, en auk þess verða aðrar þýskar kvikmyndir til umfjöllunar í áfanganum. Ein þeirra tengist sérstaklega sögu Þýskalands og Íslands og opnar augu þeirra fyrir samskiptum sem þeir hafa lítið heyrt um. Nemendur velja einnig kvæði og ljóð til kynningar og fjallað verður um mállýsku- og menningarmun þýskumælandi landa í samanburði við eigið land.

Námsefni og kennslugögn:

1. Kjörbók, nemendur velja á bókasafni.
2. Kvikmynd, nemendur velja á bókasafni.
3. Aðrar kvikmyndir s.s. Maria, Kebab Connection, Nirgendwo in Afrika
4. Spiegel online, Deutsche Welle og aðrir fjölmiðlar.
5. Deutsch perfekt og ýmis önnur tímarit.
6. Ýmis ljóð og textar, val nemenda.
7. Þýsk- þýskar orðabækur, t.d. Bedeutungswörterbuch eða Schüler-Duden.
8. Málfræði, Þýska fyrir þig.

Í þessum áfanga er ekkert annarpróf, heldur er hverjum hluta hans lokið með verkefni eða munnlegu prófi sem teljast til lokaeinkunnar.

Vinnueinkunn byggist fyrst og fremst á **mætingum og virkni í tímum** (munnlegri og skriflegri), einnig á skilum á verkefnum og almennri ástundun.

Námsmat:

- 5% Ritun úr kvikmyndinni Nirgendwo in Afrika 11. október (5. viku)
- 5% Ritun úr kvikmyndinni Kebab Connection 15. nóvember (10. viku)
- 15% Kynning í tíma á skáldsögu í 11. – 12. viku (hálf bókin, nemendur gefa 5% einkunnarinnar)
- 25% Munnlegt próf úr kjörbók 9. og 12. desember (13. og 14. viku)
- 15% Kvikmyndagagnrýni, skiladagur 25. nóvember (11. viku)
- 15% Lesskilnings- og eyðufyllingaverkefni 10. janúar (15. viku)
- 20% Vinnueinkunn (virkni í tímum, mæting, skilaverkefni, ástundun)

Menntaskólinn á Akureyri	Kennari: Harpa Sveinsdóttir
Haustönn 2011	
ÞÝS 603 (undanfari: ÞÝS 503)	
4. bekkur máladeild	

Námsáætlun:

1. - 4. vika 14. september - 8. október	<p>Ýmis konar les- og myndefni. Munnlegar æfingar. Kvikmyndin Nirgendwo in Afrika og verkefni tengd henni. Ritun 5% úr kvikmyndinni 11. október (5. viku).</p> <p>Kjörbók. Nemendur velja kjörbók hjá kennara og lesa hana sjálfstætt næstu vikur.</p>
5.- 7. vika 9. - 29. október	<p>Blaðagrein um þýskar konur á Íslandi og kvikmyndin Maria í tengslum við hana. Vinna í hópum að gagnrýni á þessa kvikmynd. Kjörmynd. Nemendur velja af bókasafni skólans kvikmynd tengda þýskumælandi löndum og vinna sjálfstætt að gagnrýni um hana. Ýmsir lesskilningstextar og hlustunarefni.</p> <p>Skiladagur kvikmyndagagnrýni 15% 25. nóvember (11. viku)</p>
8. - 10. vika 30. október - 19. nóvember	<p>Kvikmyndin Kebab Connection og verkefni tengd henni unnin. Unnið með Hamburg í tengslum við myndina. Ritun 5% úr kvikmyndinni 15. nóvember (10. viku)</p> <p>Í tímum verður farið í ýmis konar myndefni og blaðatexta, fréttir og annað sjónvarpsefni tekið til skoðunar og einnig flytja nemendur ljóð dagsins sem þeir velja sjálfir og flytja í tíma. Nemendur búa til lesskilningsverkefni og eyðufyllingar. Þýsk ljóð: örstutt kynning á helstu ljóðum og nemendur fá ljóð til flutnings.</p>
11. - 12. vika 20. nóvember - 3. desember	<p>Nemendur flytja munnlegan pistil um innihald kjörbóka sinna og samnemendur meta ásamt kennara. Mállýskur og menningarmunur.</p>
13.- 15. vika 4. - 20. desember	<p>Weihnachten in Island im Vergleich. Jól á Íslandi, hvernig kynnum við þau erlendis. Nemendur vinna stutta pistla um jólahald hér á landi og bera saman við jól í öðrum löndum. Kynning á þýskri jólatónlist og ef tími vinnst til einnig Weihnachtsoratorium, Weihnachtsgeschichten etc.</p> <p>Munnlegt próf úr kjörbók 9. og 13. desember. (13. og 14. viku)</p>
15. vika 4. janúar- 10. janúar	<p>Vinna áfram með jólaverkefni og skila smá ritun um það á Prettándanum (6. janúar). Lesskilnings- og eyðufyllingarpróf 10. janúar (15.viku).</p>

Mæti nemandi ekki til verkefnis eða prófs sem gildir til lokaeinkunnar tekur hann sjúkrapróf þegar hann kemur aftur í tíma en þarf jafnframt að skila inn læknisvottorði innan viku frá því að hann mætir aftur til skóla ef sjúkraprófið á að teljast til einkunnar. (Sbr. [Reglur um skólasókn á vef Menntaskólans](#)).

Með von um ánægjulegt samstarf í vetur - Harpa (harpa@ma.is)